

Framboð til kirkjuþings

Jónína Rós Guðmundsdóttir

1. kjördæmi

Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra

Ég er fædd og uppalin í Hafnarfirð, fæddist 1958, tók gamla, góða Kvennaskólann sem gagnfræðaskóla, tók þaðan landspróf 1974, fermdist í Garðakirkju hjá Sr. Braga Friðrikssyni 1972. Er stúdent frá Flensborg 1978, kennari frá gamla KHÍ 1982 og sérkennari frá sama skóla 1993.

Ég var mikið í KFUK starfi í Hafnarfirði sem barn og unglingur og vann bæði í Kaldárseli og Vindáshlíð í nokkur sumur og var virk í starfi Kristilegu skólahreyfingarinnar á menntaskóla og háskólaárunum.

Ég fluttist austur á Hallormsstað haustið 1982, nýútskrifaður kennari og kenndi þar í grunnskóla, Hallormsstaðaskóla, til ársins 2001, flutti mig þá yfir í Menntaskólann á Egilsstöðum og kenndi þar til vorsins 2009. Þá var ég kosin á Alþingi fyrir Samfylkinguna og sat á þingi eitt kjörtímabil, eða til vorsins 2013. Áður hafði ég setið í bæjarstjórn Fljótshéraðs í 4 ár, prófaði að vera formaður skipulags- og byggingarnefndar en var lengst formaður bæjarráðs.

Nú er ég aðstoðarskólastjóri í Norðlingaskóla í Norðlingaholtinu í Reykjavík, sem er 550 barna heildstæður grunnskóli. Ég á þrjú börn og níu barnabörn. Ég er í sambúð með Valgeiri Gestssyni, fyrrv. kennara.

Ég hef setið í sóknarnefnd Háteigskirkju frá því 2014 og verið formaður frá 2023. Ég hef setið á kirkjuþingi síðan 2022 og setið þar í allsherjarnefnd og er varamaður í stjórn Þjóðkirkjunnar.

Ég tel mig hafa víðtæka reynslu víðs vegar að úr samfélaginu og langar að nýta þá reynslu mína lengur á Kirkjuþingi, ég veit að styrkleikar mínar liggja í að sameina ólík sjónarmið og ég hlakka til að fá að nýta þá og reynslu mína í þeim lýðræðisumbótum sem framundan eru í kirkjunni okkar svo og til að finna sem bestar leiðir til að kynna hin kristnu gildi fyrir börnum og ungmennum.

